

Bókun 1:

Á samningstíma verði skipaður faghópur í samráði við embætti landlæknis sem hafi það hlutverk að útbúa eftirfarandi fylgiskjöl með samningnum:

- Kröfulýsingu fyrir áfengis- og vímuefnameðferð á sérhæfðri sjúkrastofnun.

Bókun 2:

Á sjúkrahúsinu Vogu er veitt innlagnarþjónusta ásamt göngudeildarþjónustu um viðhaldsmeðferð gegn ópíumfíkn sem starfrækt er á göngudeild sjúkrahússins. Samningur þessi tekur ekki til göngudeildarþjónustunnar.

Bókun 3:

Aðilar eru sammála um að hlutdeild SÁÁ í lögbundnum tekjum, sbr. lög nr. 73/1994 um söfnunarkassa sé áfram nýtt með sama hætti og verið hefur.



Áfengis- og vímuefnameðferð á Sjúkrahúsinu Vogu

Lýsing á meðferð og þjónustu á legudeild

Áfengis- og vímuefnameðferð er mismunandi eftir því á hvaða stigi sjúklingur er í sjúkdómsferlinu. Áfengis- og vímuefnameðferð á legudeild á Sjúkrahúsinu Vogu má skipta í fjögur stig:

1. Greining.

Áður en meðferð hefst eða í byrjun meðferðar er gert læknisfræðilegt mat og vímuefnavandi sjúklings greindur. Mat er lagt á meðferðarþörf sjúklings og sett fram markmiðssetning. Við greiningu er notast við sjúkdómsgreiningu skv. ICD-10 og greiningarviðmið DSM-V (Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders).

Greining getur farið fram áður en innlögn er gerð, þar sem mat er lagt á frekari meðferðarþörf og hvort vísa skuli sjúklingi í önnur viðeigandi úrræði, eða á legudeild í upphafi meðferðar. Greining er þá framkvæmd af einum (oftast lækni) eða fleiri fagaðilum. Greining getur einnig farið fram á legudeild í upphafi meðferðar. Í greiningu fer fram:

- Viðtal og ítarlegt mat á öllum einkennum og sjúkdómsgreiningum.
- Öflun gagna og útfylling spurningalista.
- Eftir atvikum sértækar mælingar og rannsóknir til að meta ástand sjúklings.
- Farið yfir niðurstöður greiningar og markmiðssetning gerð í samráði við sjúkling.

2. Meðhöndlun fráhrarfseinkenna, líkamlegra og geðrænna fylgikvilla.

Í framhaldi af greiningu fer fram afeitrun og meðferð ásamt meðhöndlun fráhrarfseinkenna og líkamlegra og geðrænna fylgikvilla.

3. Stöðvun vímuefnaneyslu og meðferð – fyrsta stigs viðbúnaður/annars stigs viðbúnaður eftir ástandi sjúklings.

4. Íhlutun og samstarfsvilji tryggður.

RS⁹ 

Ábendingar og skilmerki fyrir innlögn á Sjúkrahúsið Vog

Skilmerki fyrir innlögn á legudeild/bráðamóttöku:

1. Sjúklingur uppfyllir greiningarviðmið fyrir áfengis- og vímuefnafíkn/hæði og er með sex eða fleiri einkenni samkvæmt DSM-V (Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders, 5).
2. Sjúklingur hefur færniskerðingu og heilsubrest sem þarfnast:
 - Meðhöndlunar alvarlegra fráhrarfseinkenna og líkamlegra og geðrænna fylgikvilla af völdum áfengis-og/eða vímuefnaneyslu. Helstu einkenni eru:
 - Ruglástand eða ofskynjanir.
 - Fyrri saga um alvarleg og erfið fráhrarfseinkenni.
 - Flogaveiki eða fyrri saga um fráhrarfskrampa.
 - Fyrri saga um misheppnaða afeitrun í heilsugæslu eða göngudeild.
 - Vannæring.
 - Slæm uppköst eða niðurgangur.
 - Sjálfsvígshætta.
 - Stöðvunar áfengis- og/eða vímuefnaneyslu með aðstoð þverfaglegs teymis fagfólks
 - Hjúkrunar og umönnunar allan sólarhringinn.
 - Lágmarksaðstoð/eftirlit við ADL.
3. Ástand sjúklings telst nægilega stöðugt, þrátt fyrir ýmsa fylgikvilla, svo að hægt sé að sinna honum með öruggum hætti.
Heimilt er að vísa sjúkratryggðum á aðra meðferðarstofnun, t.d. ef hinn sjúkratryggði greinist auk áfengis- eða vímuefnafíknar með annan sjúkdóm, eða ef um endurtekna afeitrunar- og meðferðarþörf er að ræða.
4. Sjúklingur er talinn fær um þátttöku í endurhæfingu og meðferð.
5. Góðar líkur eru taldar á að sjúklingur hafi gagn af meðferðinni.

10


Greiningarviðmið og ábendingar fyrir áfengis- og vímuefnafíkn/hæði (ICD-10 og DSM-5)

Þegar einstaklingur telst með áfengis- og/eða vímuefnafíkn hefur neysla áfengis tekið forgang yfir aðra hegðun sem áður skipaði sess í lífi hans. Áfengis- og/eða vímuefnafíkn er heilkenni þar sem saman fara sálræn, líkamleg og atferlisleg einkenni. Með DSM-5 greiningarviðmiðum geta greiningaraðilar greint alvarleika sjúkdómsins eftir fjölda einkenna, allt að 11 einkenni. Einkenni þurfa að koma fram á samfelldu 12 mánaða tímabili.

- Fyrsta stig sjúkdóms- mild substance use disorder: Tvö eða þrjú einkenni.
- Annað stig sjúkdóms -moderate substance use disorder: fjögur eða fimm einkenni.
- Þriðja stig sjúkdóms- severe substance use disorder : sex eða fleiri einkenni.

Greiningarviðmið og ábendingar fyrir áfengis- og/eða vímuefnafíkn:

1. **Aukin neysla, í meira magni og í lengri tíma en ráðgert var í upphafi.** (Taking the substance in larger amounts or for longer than the you meant to).
2. **Löngun til að minnka eða ná stjórn á áfengis- og/eða vímuefnanotkuninni. Skert geta til að stjórna neyslu og setja sér takmarkanir** (Wanting to cut down or stop using the substance but not managing to).
3. **Aukinn tími sem fer í að afla, neyta eða ná sér eftir áfengis- og eða vímuefnaneyslu. Viðkomandi eyðir miklum tíma í verða sér út um áfengi og eða/vímuefni, nota þau eða jafna sig eftir áhrif þess.** (Spending a lot of time getting, using, or recovering from use of the substance).
4. **Þrálát og sterk löngun í að neyta áfengis- og/eða vímuefna.** (Cravings and urges to use the substance).
5. **Vaxandi vanræksla mikilvægra þátta tilverunnar, s.s. í vinnu, skóla eða heima, vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu** (Recurrent substance use resulting in a failure to fulfil major role obligations at work, school or home).
6. **Aukin neysla þrátt fyrir að áhrif þess á viðkomandi skapi vandamál í félagslegum og persónulegum samskiptum.** (Continued substance use despite having persistent or recurrent social or interpersonal problems caused or exacerbated by the effects of the substance use).
7. **Atvinnuþátttaka og/eða aðrar mikilvægar félagslegar athafnir hætta eða minnka vegna áfengis- og/eða vímuefnanotkunar.** (Important social, occupational or recreational activities are given up or reduced because of substance use).
8. **Áfengis- og/eða vímuefnanotkun hefur slæm líkamleg áhrif.** (Recurrent substance abuse in situations in which it is physically hazardous).
9. **Áfengis- og/eða vímuefnaneyslu er haldið áfram þrátt fyrir meðvitund um að neyslan sé farin að vera einstaklingnum skaðleg líkamlega og andlega.** (Substance abuse is continued despite knowledge of having a persistent or recurrent physical or psychological problem that is likely to have been caused or exacerbated by the substance).
10. **Þol er skilgreint á eftirfarandi hátt:**
 - a) **Meira magn af áfengi og/eða vímuefnum þarf til að fá fram sömu áhrif og áður fengust með minna magni.** (A need for markedly increases amounts of substance to achieve intoxication or desired effect).
 - b) **Minni áhrif með sama magni og áður** (A markedly diminished effect with continued use of the same amount of substance).
11. **Fráhvarfseinkenni eru skilgreind sem eftirfarandi:**
 - a) **Líkamleg fráhvarfseinkenni þegar neysla áfengis og/eða vímuefna er minnkuð eða alveg hætt (skjálfti, svitamyndun, hraður hjartsláttur, kvíði, svefnleysi og stundum krampar, rugl eða ofskynjanir)** (The characteristic withdrawal syndrome for substance)
 - b) **Önnur vímuefni notuð til að létta eða koma í veg fyrir fráhvarfseinkenni** (Other related substance is taken to relieve or avoid withdrawal symptoms).



Forgangsröðun og forgangsröðun af biðlistum

Tryggja skal að verst settu sjúklingarnir, sem uppfylla ábendingar og skilmerki fyrir innlögn og hafa mest gagn af meðferð, gangi fyrir.

Allar beiðnir um meðferð og innlögn sem berast eru metnar af framkvæmdastjóra lækninga eða þeim lækni sem hann felur matið.

Meta skal hvort upplýsingar í innlagnarbeiðni gefi tilefni til að fram fari greining eða mat á göngudeild áður en ákvörðun um meðferð er tekin.

Biðtími fer eftir:

1. Hvenær innlagnarbeiðni meðferðarlæknis er móttækin.
2. Forgangsröðun í samræmi við flokkun: Forgangur/ekki forgangur.
3. Líkamlegu ástandi sjúklings, hættu á fráhvörfum og líkamlegum og geðrænum fylgikvillum.

12
RS
ES

**Hlutfallsleg skipting launakostnaðar á starfsstéttir m.v.
heildarlaunakostnað á árinu 2014**

Stéttarfélag	Hlutfall af heild
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	23,28%
Læknafélag Íslands	23,96%
Sjúkraliðafélag Íslands	14,15%
Starfsmannafélag Ríkisstofnana	38,61%
Samtals	100,0%

13
[Handwritten initials/signature]

Upplýsingagjöf

Ársreikningur:

Fyrir lok apríl ár hvert skal verksali ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun ársreikning, sundurliðaðan frá öðrum eignum verksala og rekstri (rekstur skv. samningi þessum og önnur starfsemi).

Ársreikningurinn skal vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og um bókhald nr. 145/1994, með síðari breytingum, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Ársreikningur skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra
- Áritun endurskoðenda
- Rekstrarreikning
- Efnahagsreikning
- Yfirlit yfir sjóðsstreymi
- Reikningsskilaaðferðir
- Skýringar
- Sundurliðanir á rekstri skv. samningi þessum frá öðrum rekstri.

Ársskýrsla:

Fyrir lok apríl ár hvert skal verksali ótilkvaddur senda SÍ ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi ársins á undan skv. samningnum sem og framkvæmd samningsins. Eftirfarandi atriði skulu koma fram í ársskýrslu:

- Heildarfjöldi innlagna samkvæmt samningi og heildarfjöldi innlagna utan samnings.
- Heildarfjöldi sjúklinga (kt) ásamt fjölda meðferðardaga skv. samningi.
- Ástæður innlagna
- Sjúkdómsflokkun
- Aldur sjúklinga. yngri en 15 ára, 15-19 ára, 20-25 ára, 25-30 ára o.sfrv.
- Búseta sjúklinga eftir landshlutum.
- Upplýsingar um hlutfall útskrifaðra sjúklinga sem fer í framhaldsmeðferð og hvert það fer.
- Biðlistatölur.
- Önnur mál.

Árlegur fundur:

Verksali skal eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert halda kynningarfund með SÍ þar sem farið er yfir ýmsa þætti samnings og kröfur í samningi:

- Rekstrarhorfur liðins árs og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár.
- Starfsemistölur liðins árs, þar sem fram koma upplýsingar um:
 - Innritanir
 - Legudaga
 - Biðlistatölur.
 - Önnur mál.

14
PS
15
63

Rekstraráætlun Sjúkrahússins Vogs fyrir árið 2015

REKSTRARTEKJUR

Þjónustusamningur við Velferðarráðuneyti	569.925.000
Seld þjónusta	3.492.000
Selt fæði til starfsmanna	1.800.000
	575.217.000

REKSTRARJÖLD

Laun og launatengd gjöld	443.500.000
Lyf vegna viðhaldsmeðferðar	27.500.000
Lyfjakostnaður annar	11.000.000
Hjúkrunarvörur	3.000.000
Veirurannsóknir aðkeyptar	7.000.000
Lyfjaleit í þvagi aðkeypt	2.500.000
Rannsóknir á Voggi	3.500.000
Annar rannsóknarkostnaður	2.000.000
Námsferðir og ráðstefnugjöld	2.000.000
Túlkaþjónusta	2.000.000
Fatnaður og lín	1.000.000
Áhöld og tæki	2.500.000
Fagbækur og tímarit	400.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta heilbrigðisstarfsmanna	300.000
Sjúkraflutningar og flutningur sjúklinga	1.000.000
Símakostnaður v/vaktar og sjúklinga	2.800.000
Sjúkraskráning	10.000.000
Tryggingar	1.250.000
Mötuneyti sjúklinga	70.500.000
Þvottahús og ræsting	24.000.000
Húsaleiga	83.300.000
Annar húsnæðiskostnaður	18.500.000
Sameiginlegur kostnaður	45.500.000
	765.050.000

Rekstrarhagnaður/(-tap) - **189.833.000**

Eftirlaunaskuldbinding - 39.978.000

HAGNAÐUR/(-TAP) - **229.811.000**

15


Skýring og sýnidæmi á skerðingarákvæði skv. gr. 7.3

Almenn legudeild og legudeild fyrir unglunga á Sjúkrahúsinu Vogu:

Uppfylli verksali ekki ákvæði samnings á 12 mánaða tímabili, sbr. gr. 4.2 skerðast greiðslur um 80% fyrir hvern legudag.

	Fjárveiting SÍ á ári m.v. verðlag 2015	Lágmarksfjöldi legudaga	Raunverul. fjöldi legudaga	Mism.	Fjárveiting/ legudag	Skerðing / legudag	Skerðing alls
Almenn legudeild og legudeild fyrir unglunga	563.675.000.	15.530	15.330	200	36.296 kr.	29.037 kr.	5.807.400 kr.



